

Ár 2021, föstudaginn 14. maí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Ástu Björk Eiríksdóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2021:

Atvik í æfingaleik Magna og Aftureldingar

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Viktor Smári Elmarsson, kt. 270302-2620

Knattspyrnudeild FH

Fyrirsvarsmaður: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Knattspyrnudeild Magna

Fyrirsvarsmaður: Gísli Gunnar Oddgeirsson, framkvæmdastjóri

II.

Málsatvik:

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 4. maí sl. var tekin fyrir skýrsla frá dómara í æfingaleik Magna og Aftureldingar á Dalvík þann 23. apríl 2021. Á fundi nefndarinnar þann 23. apríl sl. hafði aga- og úrskurðarnefnd ákveðið að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá Knattspyrnufélaginu Magna vegna skýrslu dómara í leiknum, áður en málið yrði tekið fyrir. Skýrsla dómara í leiknum er eftirfarandi:

„Í lok leiks komu leikmenn og starfsmenn og þökkuðu fyrir leikinn og allir voru rólegir og sáttir með leik og fóru allir í sýna áttina en ég byrjaði að labba í klefa. Ég var komin hálf leið þegar ég sá að eitthvað var að gerast á vellinum. Leikmenn og starfsmenn voru allir saman, og leikmenn Aftureldingar héldu sínum leikmanni í fangi og leikmenn Magna voru að taka sinn leikmann í burtu.

Ég labbaði þá til baka og spurði hvað hefur gerst, því ég heyrði ekki neitt að einhver var að rifast eða neitt, þetta gerðist bara alt í einu, allir voru rólegir og svo eftir nokkrar sekúndur gerðist þetta.

Þjálfari Aftureldingar sagði mér að leikmaður Magna [Viktor Smári Elmarsson] sagði eitthvað rasískt til leikmanni Aftureldingar, eins og " Polska drasll" en ég sem sagt, hef ekki heyrt neitt sjálf, þetta er bara það sem þjálfari sagði mér.

Allir fóru síðan í sýnar áttir fljótlega og þá kom þjálfari Magna með sýnu leikmanni sem hefur sagt þetta, og leikmaður sjálfur hefur viðurkennt að hann hefur sagt þetta, en hann bað afsökunar til þjálfara Aftureldingar, þjálfara Magna og mér sjálf, og sagði

að þetta var ekki í lagi sem hann gerði og vilji líka biðja afsökunar til viðkomandi leikmanns.

Leikmaður Aftureldingar vildi samt ekki koma úr klefanum til að taka við afsökunar, því hann var niðurbrotin, að sögn þjálfara hans.“

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 4. maí 2021 lá fyrir greinargerð frá knattspyrnufélaginu Magna. Að henni virtri var það mat aga- og úrskurðarnefndar að framkoma sú sem lýst er í skýrslu dómara í framangreindum leik gæti varðað við ákvæði 15. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við 6. gr. sömu reglugerðar bar aga- og úrskurðarnefnd því að fara með málið sem kærumál og skulu þau fá flýtimeðferð þegar við á. Í samræmi við reglur um meðferð kærumála ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að mál skyldi fá flýtimeðferð og óskaði eftir greinargerð/athugasemdum frá hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en kl. 12:00 þriðjudaginn 11. maí nk.

Leikmaðurinn sem um ræðir hafði verið skráður leikmaður FH á þeim tíma sem atvik átti sér stað 23. apríl en á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 4. maí var leikmaðurinn orðinn skráður leikmaður KA. Þá átti atvikið sér stað er leikmaðurinn lék undir merkjum Magna í æfingaleik á móti Aftureldingu.

Í greinargerð sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 11. maí frá Viktori Smára í málinu kom m.a. eftirfarandi fram:

„VS ítrekar það sem áður hefur komið fram um að hafa ekki gerst brotlegur við gr. 15.1. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Hann hafi ekki látið umrædd orð falla og það eina sem haldið sé á lofti séu fullyrðingar leikmanns Aftureldingar um að hann hafi gert slíkt. VS viðurkennir hins vegar fullum fetum að hafa verið aðili að háttsemi sem sé knattspyrnunni ekki til framdráttar, þá með vísan til þess að hafa átt í útistöðum við andstæðing sinn eftir að leik lauk. Á því biðst hann afsökunar og lýsir því jafnframt yfir að hann mun hlíta hverri þeirri refsingu sem slíkt kann að hafa í för með sér, komist aga- og úrskurðarnefnda að því að hann hafi brotið aðrar greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.“

Í greinargerð sem barst frá knattspyrnudeild FH kom eftirfarandi fram:

„Viðkomandi leikmaður sem að um ræðir í þessu agabroti hefur ekkert æft né spilað með FH á þessu tímabili. Af einhverjum ástæðum óskar KA ekki eftir félagsskiptum fyrr en núna í lok apríl. Vegna þess getum við FH-ingar ekki borið ábyrgð á gjörðum þessa leikmans í viðkomandi æfingaleik og óskum eftir að sekt dæmist á það félag sem ábyrgð hafði á leikmanninum. Vísun við í sambærilegt mál sem kom upp árið 2019 þegar Björgvin leikmaður KR hafði uppi ámælisverð ummæli í vefsjónvarpi Hauka og hlaut í kjölfarið leikbann og sekt dæmist á félagið sem ábyrgð bara á leikmanni á þeim tíma.“

Í greinargerð sem barst frá knattspyrnudeild Magna kom eftirfarandi fram:

„Við munum aldrei bera neitt á móti því sem leikmaður Magna sagði eftir leik, slík hegðun er óafsanleg og leikmanni til háborinnar skammar, einnig er þessi framkoma ömurleg fyrir alla sem koma að félaginu. Þjálfari Magna brást strax við ummælunum og tók leikmanninn strax til hliðar og gerði honum grein fyrir því sem hann hafði sagt og hvað þetta getur gert honum sjálfum og félaginu, leikmaðurinn sá strax mikið eftir orðum sínum og vildi biðja leikmann Aftureldingar og þjálfara þeirra afsökunar, leikmaður Aftureldingar vildi ekki koma út til að taka við afsökunarbeiðninni, hann var ekki tilbúinn, skiljum við það mæta vel.

Forráðamenn Magna voru ekki á umræddum leik en fréttu af leiðindunum eftir leikinn símléiðis. Framkvæmdastjóri Magna Gísli Gunnar brást strax við og hringdi í þjálfara

Aftureldingar og ræddu þeir alvarleika málsins, framkvæmdastjóri bað þjálfara, leikmenn, stjórn og að sjálfsögðu leikmanninn sem varð fyrir aðkastinu innilegrar afsökunar. Slik hegðun leikmanns Magna er óafsakanleg. Þjálfari Magna ræddi við leikmannahópinn um alvarleika málsins inni í klefa eftir leik, öllum rasískum ummælum og framkomu þarf að útrýma úr leiknum og eru félög um allan heim að berjast í því, því eru þetta mikil vonbrigði.

Þjálfari Magna hefur fylgt málinu eftir og hefur verið í sambandi við þjálfara Aftureldingar til að fylgjast með líðan leikmanns þeirra, þjálfari Aftureldingar er ánægður með viðbrögð okkar og hvernig félagið hefur tekið á málunum, enda erum við afar leiðir yfir þessu atviki.

Framkvæmdastjóri og þjálfari Magna höfðu samband við KA þar sem umræddur leikmaður æfir og er búið að taka vel og fast á málinu og ræða við leikmann KA, hann sér mikið eftir þeim ummælum sem hann lét út úr sér, vonum við að leikmaður dragi lærdóm af sinni hegðun og að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Að lokum viljum við stjórnarmenn Magna, þjálfari og umræddur leikmaður biðja alla þá sem komu að þessu máli innilegrar afsökunar, við munum berjast fyrir því að eyða rasískum ummælum úr íþróttinni og lífinu almennt.“

III. Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort leikmaðurinn Viktor Smári Elmarsson hafi gerst brotlegur við ákvæði 15. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og um leið hvort brot leiði til ábyrgðar félaganna á hegðun hans skv. 4. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Hið umdeilda atvik átti sér stað í æfingaleik á milli Magna og Aftureldingar á Dalvíkurvelli þann 23. apríl sl. og er lýst í atvikaskýrslu dómara í leiknum.

Í samræmi við grein 5.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd m.a. um önnur mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Það er mat aga- og úrskurðarnefndar, í samræmi við grein 5.2., að nefndinni sé heimilt að úrskurða um atriði er fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna jafnvel þó um sé að ræða knattspyrnuleik sem var ekki hluti af keppni á vegum KSÍ. Samkvæmt því fellur málið undir lögsögu aga- og úrskurðarnefndar skv. 2. gr. sömu reglugerðar.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, m.t.t. þeirra gagna sem aflað hefur verið í málinu, að með hinum umdeildu ummælum hafi Viktor Smári gerst brotlegur við ákvæði 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Hafi ummæli leikmannsins, „Polska drasl“ falið í sér fyrirlitningu og niðurlæginu í orði varðandi þjóðernisuppruna leikmanns andstæðinga.

Vegna brotsins skal Viktor Smári sæta leikbanni í 5 leiki í keppnum og banni frá Dalvíkurvelli á meðan bannið varir.

Fram kemur í gögnum málsins að Viktor Smári var ekki á vegum FH er hann lék æfingaleik með Magna á Dalvíkurvelli og kom FH þar hvergi nærri. Eins og mál þetta er vaxið er það mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til þess að refsa knattspyrnudeild FH í málinu með fjársekt.

Telja verður að með því að leika undir merkjum knattspyrnudeildar Magna, hafi Viktor haft hlutverk á vegum Magna í tengslum við leikinn sem leikmaður. Samkvæmt 4.2. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er knattspyrnudeild Magna því ábyrgt fyrir framkomu Viktors í tengslum við leikinn og skal skv. grein 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál sektuð um kr. 100.000.

Með vísan til þessa verður knattspyrnudeild FH ekki gerð refsing í málinu.

IV.

Úrskurðarorð:

Viktor Smári Elmarsson skal sæta leikbanni í 5 leiki í öllum keppnum á vegum KSÍ og tekur bannið gildi nú þegar. Auk þess sætir Viktor banni frá Dalvíkurvelli á meðan leikbannið varir. Knattspyrnudeild Magna skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000 til KSÍ

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]